

Samkomulag um snjalltækjanotkun í Grunnskólanum á Ísafirði

Í Grunnskólanum á Ísafirði þurfum við öll að gæta öryggis í notkun snjalltækja, tryggja vinnufrið nemenda og starfsmanna og sýna hvert öðru tillitssemi.

Reglur um snjalltækjanotkun á unglिंगastigi

- Við erum sammála um að það megi koma með farsíma og snjalltæki í skólann en í kennslustundum eiga tækin að vera ofan í tösku og slökkt á þeim, bæði hljóði og titringi. Kennari getur gefið leyfi ef nota á tækin í tengslum við námið.
- Nemendur og forráðamenn þeirra bera sjálfir ábyrgð á tækjum í persónulegri eigu sem þeir koma með í skólann.
- Myndatökur og hljóðupptökur eru ekki leyfðar í húsnæði skólans og starfsstöðvum hans þ.e. skólalóð, félagsmiðstöð, íþróttahúsum, Sundhöll og Dægradvöl, nema með sérstöku leyfi.
- Við erum sammála um að leyfilegt er að nota síma og snjalltæki til afþreyingar í frímínútum og matarhléi á þeim svæðum sem skilgreind eru fyrir unglinga.

Reglur um snjalltækjanotkun á yngsta- og miðstigi

- Við erum sammála um að ef nemendur á yngsta- og miðstigi taka snjalltæki með í skólann, þá skulu þau vera ofan í tösku og slökkt á þeim, bæði hljóði og titringi, þar til skóladegi lýkur.

Við erum sammála um að ef nemendur G.Í. fara ekki eftir þessu samkomulagi þá afhenda þeir starfsmanni skólans tækið.

Nemandi getur sótt það á skrifstofu skólans að loknum skóladegi.

Atvikið skal skrá í Mentor og senda tilkynningu á foreldra.

Ef nemandi neitar að afhenda tækið er honum vísað til skólastjórnanda, sem hefur þá samband heim og óskar eftir því að foreldri komi í skólann og sæki tækið.

Reglur þessar taka mið af niðurstöðum nemendapings um símanotkun, sem haldið var á unglिंगastigi 4.október 2021.

Reglur þessar taka gildi 25.nóvember 2021 og falla þá eldri reglur úr gildi.